

AUGLÝSING
um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Skemmuvegur 2A, skrifstofur Byko, breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs þann 14. september 2021 breytingu á deiliskiplagi fyrir Skemmuveg 2, 2a, 4 og 4a.

Í breytingunni felst breytt afmörkun byggingarreits og aukning á byggingarmagni skrifstofuhúsnæðisins úr 2.450 m² í 3.450 m². Byggingarmagn núverandi vöruafgreiðslu og afgreiðslu á 1. hæð verður óbreytt 6.547 m². Við breytinguna verða bílastæði á svæðinu 627 talsins sem er fækkun um 8 stæði frá gildandi deiliskipulagi. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulagsskilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. nóvember 2021.

Smári Smáráson aðstoðarskipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2021